



STARFSLEYFISSKILYRÐI

Lýsi hf.

v/fiskþurrkunar Unubakka 24-26 og
pökkunar Óseyrarbraut 22
815 Þorlákshöfn

kt. 440269 – 5089

Fiskislóð 5-9
101 Reykjavík

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og gilda fyrir heitloftsþurrkun fiskafurða og pökkun þeirra á ofangreindum starfsstöðvum fyrirtækisins. Leyfilegt er að framleiða úr allt að 50 tonnum af hráefni á sólarhring.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.2 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi.

1.3 Starfsleyfishafa er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum er lúta að starfseminni og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfi þessu.

1.4 Útgefið starfsleyfi ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef skipt er um eigendur. Verði meiriháttar breyting á eðli starfseminnar, breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eða starfsemin flutt ber starfsleyfishafa að sækja um endurnýjun starfsleyfis. Starfsleyfisútefanda er heimilt að endurskoða bæði starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, vegna skaðlegra áhrifa á almenning, vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir, eða ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni til bættra mengunarvarna.



- 1.5 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, þegar rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.6 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit.
- 1.7 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.8 Frágangur matstofa, hreinlætistækja og snyrtiherbergja starfsmanna skal vera í samræmi við ákvæði reglugerða um hollustuhætti og matvæli.

2. FERSKLEIKI OG MEÐFERÐ HRÁEFNIS TIL VINNSLU

- 2.1 Allt hráefni til vinnslu skal vera ferskt og koma til fyrirtækisins ísað í heilum körum. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til fyrirtækisins skulu vera vökvaheld og yfirbyggð.
- 2.2 Ferskleiki hráefnis skal metin daglega með skynmati og niðurstöður þess skráðar í innra eftirlit fyrirtækisins. TVN-gildi (Total Volatile Nitrogen) hráefnisins skal jafnframt mælt reglulega og skal að jafnaði vera undir 50mg N/100g.
- 2.3 Allt hráefni skal geymt í kældu rými og skal stærð rýmisins taka mið af umfangi starfseminnar. Hitastig í hráefnisgeymslu skal ekki fara yfir 4°C og skal skrá hitastig hráefnis daglega í innra eftirlit fyrirtækisins.
- 2.4 Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allur vökvi frá hráefni fara um fitugildru áður en honum er veitt í fráveitu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal hún þriffin á fullnægjandi hátt.
- 2.5 Óheimilt er að geyma hráefni sem ætlað er til vinnslu utandyra.
- 2.6 Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem auðið er og unnið innan fjögurra daga frá móttöku þess. Hráefni sem ekki næst að vinna innan framangreindra tímamarka skal meðhöndlað í samræmi við gr. 4.10

3. UMHVERFI

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, beita bestu fánlegu tækni (BAT) hafi hún verið skilgreind, til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt. Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í



umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112, sbr. gr. 4.18.
- 3.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á athafnasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og halda skal húsnæði og lóð snyrtilegu og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Allar vélar og tæki, ílát undir hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi og nágranna og eftir atvikum byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu. Virkni véla og mengunarvarnabúnaðar, þ.m.t. sía og skilja, skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg losun.
- 3.4 Óheimilt er að geyma óhrein tæki, áhöld eða ílát undir hráefni, úrgang, spilliefni eða annað utandyra. Vélar, tæki, áhöld og ílát skulu vandlega þrífur strax að notkun lokinni og skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olúskilju. Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð við þrif, s.s. gufuþvott eða háþrýstþvott, og nota viðurkennd umhverfisvottuð hreinsiefni eftir því sem við á.
- 3.5 Aðkeyrslur og athafnasvæði við vinnsluhús skal vera lagt olú- og fituþolnu steinsteypu eða bundnu slitlagi með niðurföllum tengdum við olúskilju. Í niðurföllum utandyra þar sem hráefni er meðhöndlað skulu vera ristar og/eða körfur til að koma í veg fyrir að fastur úrgangur komist í fráveitu.
- 3.6 Um meðferð og frágang olú- og gastanka og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Staðsetning olútankana og olúlagna þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits.
- 3.7 Um eftirlit með kælibúnaði og meðferð kælimiðla á kælibúnað fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með kæli- og frystibúnaði fyrirtækisins skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög 61/2013.

4. MENGUNARVARNIR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir, eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma. Nota skal samþættar mengunarvarnir í þeim tilfellum þegar mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.



Fráveita

- 4.2 Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum og leiðbeiningum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Frárennslis frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélagsins.
- 4.3 Við þrif á verksmiðjuhúsum og vegna afrennslis frá þvottaaðstöðu skal leita heppilegra leiða til að minnka magn fráveituvatns. Sjálfvirkir lokar skulu vera á vatnsslöngum.
- 4.4 Fráveitulagnir frá hráfnisgeymslum, vinnusvæðum og plönnum þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til, skulu útbúnar með ristum/körfum í niðurföllum til að fanga fastan úrgang og fituskilju, olíuskilju og/eða öðrum hreinsibúnaði eftir því sem við á. Ristar og körfur í niðurföllum skulu hreinsaðar daglega en fitu- og olíuskiljur með reglubundnum hætti.
- 4.5 Aðstaða til að unnt sé að mæla frárennslis frá hreinsibúnaði skal vera fyrir hendi.

Loftmengun og hávaði

- 4.6 Starfsleyfishafi skal koma í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Fyrirtækið skal sjá svo um að reykur, ryk og lofttegundir sem eru hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar, valdi ekki óþægindum í nánasta umhverfi.
- 4.7 Takmarka skal lyktarmengun frá starfseminni eins og kostur er með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri. Afsog frá lyktar- og efnauppsprettum skal kælt, hreinsað með óson í þvotta- og þéttiturni og leitt út í gegnum reykháf sem er ekki lægri en ein húshæð miðað við gólflöt verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt.
- 4.8 Loftræstingu frá vinnslusvæði skal þannig háttáð að hún valdi ekki óþægindum í umhverfinu vegna rykmengunar, lyktarmengunar eða hávaða. Tryggja skal með þrýstingsstýringu að að allt loft frá vinnslusvæðum fari í lofthreinsikerfi.
- 4.9 Takmarka skal hávaða eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir hávaða skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Úrgangur

- 4.10 Starfsleyfishafi skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er. Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á og flytja reglulega eftir því sem við á til vinnslu, urðunar eða eyðingar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi.



- 4.11 Á ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvað megi fara í viðkomandi ílát. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á fiskúrgangi skulu vera vökvaðeld, lokuð og þétt. Allar sorphirslur og ílát til geymslu og flutnings á úrgangi skulu vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlitsins.
- 4.12 Öll söfnun, geymsla til lengri tíma eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil.
- 4.13 Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að vinnslusvæði, gámum og úrgangsgeymslum fyrirtækisins.

Meðferð og geymsla spilliefna og hættulegra efna

- 4.14 Starfsleyfishafi skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, t.a.m. með notkun umhverfissvottaðra efna og/eða með endurnýtingu eða endurhæfingu efna. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins heldur skal þeim skilað reglulega til aðila með leyfi til móttöku eða flutnings á viðkomandi spilliefnum. Þetta gildir m.a. fyrir eftirtalin efni; klórflúorkolefni, ammóníak, klór, lút, sýru, sápur, hreinsiefni, olíur, málningu, lökk, lím og lífræn leysiefni. Þegar spilliefnum er skilað til móttökustöðva skal kvittun fyrir skilunum fengin frá flutningsaðila eða móttökustöð. Á kvittuninni skal koma fram nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu móttöku þeirra.
- 4.15 Geyma skal öll hættuleg efni, efnasambönd og efnaúrgang á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.
- 4.16 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 4.17 Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna, blanda spilliefnum við annan úrgang og losa spilliefni í fráveitu. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins.
- 4.18 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og skal þess vandlega gætt að þau geti ekki á einhvern hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef hættuleg efni leka niður. Ef stærra mengunaróhapp verður, s.s. ef olíur eða önnur spilliefni leka út í umhverfið eða í fráveitu, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann og hreinsa upp efnið sem hefur lekið niður. Fari niður meiri olía eða önnur hættuleg efni en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja, skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112. Jafnframt skal hafa samráð við heilbrigðiseftirlitið, lögreglu, vinnueftirlit og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

5. EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDAR



5.1 Starfsleyfishafi skal koma á innra eftirliti og skráningum í samræmi við reglugerðir, umhverfisstefnu og gæðamarkmið fyrirtækisins. M.a. skal halda skrá yfir og geyma upplýsingar og athugasemdir starfsmanna og eftirlitsaðila um;

- a. Fyrirkomulag og staðsetningu mengunarvarna fyrirtækisins og atvik er varða mengun og mengunarvarnir, s.s.:
 - eftirlit, hreinsun, viðhald, bilanir og viðgerðir á mengunarvarnarbúnaði og önnur frávik eða slys tengd honum,
 - mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
 - dagsetning tæmingar og magn efnis úr olú- og fituskiljum ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar,
 - niðurstöður reglulegra mælinga sem framkvæmdar eru vegna mengunarvarna, s.s. vegna útblásturs og fráveitu.
- b. Magn og ástand hráefnis sem er í vinnslu hverju sinni, þ.m.t. niðurstöður skynmats, hitastig og TVN-gildi.
- c. Fjöldi kælitækja, tegund og magn kælimiðils, dagsetning áfyllingar, rýrnun, viðbrögð við mengunaróhöppum við kælitæki, eftirlit, viðhald og viðgerðir.
- d. Öryggisupplýsingar og leiðbeiningar um meðferð og notkun efna sem notuð eru á vinnustaðnum.
- e. Magn og tegund spilliefna og hættulegra efna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila og förgunar í samræmi við reglugerð um spilliefni nr. 810/1999.
- f. Magn og tegund úrgangs sem fluttur hefur verið til vinnslu, urðunar eða eyðingar á móttökustöð í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs.

Ofangreindar upplýsingar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

5.2 Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik varðandi mengun ásamt öðrum þáttum er geta varðað umhverfis- og almannaheill.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI, GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 6.1 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu og skal kynna sér þau lög og reglur sem viðkoma starfseminni.
- 6.2 Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þessum skal ávallt tiltækt á vinnustað. **Starfsleyfið er veitt til 2ja ára** í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og öðlast gildi við birtingu.



6.3 Ofangreind starfsemi er í flokkuð í ISAT 15.20.4.1 – Heitloftspurrkun fiskafurða og greiðir rekstraraðili árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er hverju sinni.

Selfossi xx. xxx 20xx,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

XXXXX,
XXX

Í auglýsingunni